

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 -108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0159

Dags. 10.10.2014

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 159. mál á 144. löggjafarþingi
Umboðsmaður skuldara (upplýsingaskylda og dagsektir)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010

Frumvarpi því sem hér er til umsagnar er ætlað að veita umboðsmanni skuldara valdheimildir til þess að knýja fastar, þar á meðal með dagsektum, á um að upplýsingaskyldir aðilar það er að segja lánveitendur og fjármálafyrirtæki, virði þær skyldur sínar og standi skil án tafa á þeim gögnum sem nauðsynleg eru vegna úrvinnslu mála þeirra skuldara sem leitað hafa aðstoðar embættisins.

Það er því miður langt frá því að vera að nauðsynjalausu sem slíkt frumvarp er lagt fram, þar sem samtökunum er kunnugt um fjölda raunverulegra tilfella þar sem tafir fjármálafyrirtækja og jafnvel andstaða við að afhenda umbeðin gögn, hafa staðið í vegi fyrir afgreiðslu mála viðkomandi skuldara með eðlilegum málshraða. Hagsmunasamtök heimilanna gera þar af leiðandi engar athugasemdir við frumvarp þetta í núverandi mynd, og eru eindregið fylgjandi því að það verði samþykkt.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is